

ANDLEGT ÞJÓÐARRÁÐ BAHÁ'ÍA Á ÍSLANDI
THE NATIONAL SPIRITUAL ASSEMBLY OF THE BAHÁ'ÍS OF ICELAND

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/1625
komudagur 25.3.2012

Sent í tölvupósti á netfangið nefndasvid@althingi.is
Staðfestingareintak póstsent

25. mars 2012

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um skráð trúfélög, nr. 108 28. desember 1999, með síðari breytingum (lífsskoðunarfélög, aðild barna að skráðum trúfélögum og lífsskoðunarfélögum o.fl.).

Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi tekur undir það yfirlýst meginmarkmið frumvarpsins að jafna stöðu skráðra trúfélaga og annarra lífsskoðunarfélaga á öllum sviðum samfélagsins.

Almennt

Lög um trúfélög, sem og önnur lög um tengd málefni s.s. lög um sóknargjöld og lög um kirkjugarða, bera þess merki að vera að stofni til komin til ára sinna og úr takti við þá stefnu sem þessu frumvarpi er ætlað að marka. Framsetning og orðfæri miðast sem fyrr við ráðandi stöðu kirkju og kristni og nægir að nefna 2. grein laganna sem lagt er til að hefjist nær óbreytt á setningunni: „Heimilt er að skrá trúfélög utan þjóðkirkjunnar og lífsskoðunarfélög.“ Sá bútasamur sem hér er stundaður er í raun til vansa og meira en tímabært að vinna nýjan lagatexta frá grunni þar sem heildarsýn og jafnvægi væru í fyrirrúmi.

Takmarkaðir möguleikar nýrrar hugmyndafræði

Í 3. grein laganna er sem fyrr gert að skilyrði að félag sem óskar skráningar eigi sér sögulegar og menningarlegar rætur. Þetta vekur ekki síst athygli vegna þess að í greinargerð með frumvarpinu er sérstaklega vitnað í það álit að **varast beri tilhneigingu til hvers konar mismununar á grundvelli þess að um sé að ræða ný hugmyndakerfi eða þess að minnihlutahópar aðhyllist þau.**

Lágmarksfjöldi félagsmanna

Eðlilegast væri að lágmarksfjöldi félagsmanna til þess að heimilt sé að skrá trúfélag eða lífsskoðunarfélag, væri ákveðinn í lögunum sjálfum en ákvörðunarvald um fjölda yrði ekki á hendi eins manns, þ.e. ráðherra, eins og lagt er til í frumvarpinu. Telji löggjafinn nauðsynlegt að hægt sé að breyta skilyrðum um lágmarksfjölda án lagabreytingar, þyrfti í það minnsta að binda þessa heimild ráðherra samþykki sömu nefndar og veitir álit um skráningar trúfélaga og lífsskoðunarfélaga.

Jafnræði byggist á svigrúmi til að geta starfað á eigin forsendum

Til þess að jafna stöðu lífsskoðunarfélaga (trúfélaga sem annarra) er mikilvægt að lagarammi um trú- og lífsskoðunarfélög sé nokkuð sveigjanlegur og ekki sé gengið út frá því sem gefnu að uppbygging þeirra og starfshættir séu í öllum tilvikum með sama sniði.

Samráð er grundvallaratriði í bahá'í trúnni og allar stjórnvaldsaðgerðir eru á höndum níu manna ráða en ekki einstaklinga. Engir prestar eru í bahá'í trúnni og því eru hjón t.d. ekki gefin saman heldur ganga þau sjálf í hjónaband í votta viðurvist. Andlegu ráðin eru ábyrg fyrir að slíkar athafnir fari rétt fram og að öllum skilyrðum sé fullnægt. Svipað er að segja um útfarir, athöfnin er að jafnaði skipulögð í samráði ættingja og oftast en ekki er enginn einn í aðalhlutverki í henni en viðkomandi

ANDLEGT ÞJÓÐARRÁÐ BAHÁ'ÍA Á ÍSLANDI
THE NATIONAL SPIRITUAL ASSEMBLY OF THE BAHÁ'ÍS OF ICELAND

andlegt ráð sér um að allt fari að lögum. Þannig eru einstaklingar einfaldlega ekki í forsvari fyrir bahá'í samfélög þótt vitanlega hafi embættismenn ráðanna ýmis hlutverk á hendi í umboði þeirra.

Andlega þjóðarráðið hefur allt frá stofnun þess fyrir um fjórum áratugum óskað eftir að **stjórnstofnanir trúarinnar yrðu teknar gildar** og ábyrgar fyrir athöfnum á borð við giftingar eða útfarir. Því miður er okkur enn gert að skipa forstöðumenn til að uppfylla íslenskar lagareglur þótt engin rök hnígi að því að slíkir einstaklingar geti betur axlað ábyrgð en stjórn og formaður hennar, ritari eða hver sá fulltrúi sem hún kysi að útnefna.

Við óskum því eindregið eftir að fallið verði frá því skilyrði að trú- eða lífsskoðunarfélög tilnefni forstöðumenn en viðurkenni stjórnarhætti og innri reglur félaganna sjálfra. Hægt væri til dæmis að tala um löglegan forsjáraðila félags, sem gæti þá verið eftir atvikum stjórn þess eða forstöðumaður en að sjálfsgöðu yrði við skráningu félags gerð grein fyrir stjórnarfyrrkomulagi þess.

Vel kann að vera að félög velji af sjálfsdáðum að hafa forstöðumann en það er undarlegt að löggjafinn setji kröfu um hærri aldurstakmark til slíks embættis en þarf til að sitja á löggjafarþinginu sjálfu.

Nauðsynlegt er að hafa í huga að vafasamt er að tala um trú- eða sannfæringarfrelsi án þess að þau lífsskoðunarfélög sem viðurkennd eru geti starfað á sínum eigin forsendum, svo fremi það stríði ekki gegn lögum, góðu siðferði eða allsherjarreglu.

Skráning barna


Lagabreytingunum er einnig ætlað að tryggja jafnrétti foreldra við ákvörðun um hvort eða hvaða skráða trúfélagi eða lífsskoðunarfélagi barn skuli tilheyra. Tillagan um skráningu barna í trú- eða lífsskoðunarfélög er óþarflega flókin. Það er sérkennilegt að sumir foreldrar þurfi að skrá börn sín í slíkt félag en aðrir ekki. Einfaldast væri að staða barns væri ótilgreind nema eða þar til foreldrar eða forráðamenn skrá barnið, annað hvort beint eða í gegnum viðkomandi félag.

Lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu

Ekki er ólíklegt að nú þegar fleiri lífsskoðunarfélög bætast í hóp þeirra sem kenna lífsskoðun sína við trú, þurfi að huga að fleiri þáttum sem tengjast trú, lífsskoðun og siðum, s.s. útför og greftrun. Þótt ekki séu í lögum ákvæði sem eru til boga við bahá'í útfarir verður að viðurkennast að mikið vantar á að regluverk og málfar endurspegli nútímalegt jafnræði. Til að mynda stingur í augu að almennir grafreitir séu nefndir kirkjugarðar, séu í eigu einnar trúarstofnunar (þjóðkirkjunnar) og þeim stýrt af henni. Miklum mun eðlilegra væri að almennir grafreitir væru eign og á forsjá sveitarfélaganna.

Eins og áður er lýst hefur Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi reynt í fjóra áratugi að ná fram raunverulegri viðurkenningu á stofnunum og starfsháttum bahá'í samfélagsins sem á engan hátt geta talist stríða gegn almennum hagsmunum. Það urðu okkur vonbrigði að umsögn okkar til Innanríkisráðuneytisins, meðan frumvarpið var enn í mótun, skyldi engan árangur bera en vonum að sanngjarnar ábendingar okkar verði teknar alvarlega og frumvarpið verði lagfært í meðförum þingsins.

Fyrir hönd Andlegs þjóðarráðs bahá'ía á Íslandi



Róbert Badí Baldursson, ritari.

23.3.2012

Alþingi
Erindi nr. P 140/1620
komudagur 23.3.2012

Heil og sæl

Bindindissamtökin eru deild innan IOGT, alþjóðareglu góðtemplara og sem slík eru þau ekki lífsskoðunarfélag

samkvæmt því sem þetta lagafrumvarp byggir á.

Við lútum lögum IOGT sem eru með bindindisheit sem skilyrði fyrir

félagsaðild, en að öðru leyti ríkir trúfrelsi

í samtökunum þó hreyfingin reisi starf sitt á mannúðlegum kristnum gildum eins og heftur verið frá upphafi hjá þessari alþjóðahreyfingu.

Bindindissamtökin telja frumvarpið því ekki eiga við samtökin og tökum við því ekki afstöðu til frumvarpsins að neinu leyti.

Með vinsemd og virðingu

Kveðja

BINDINDI BORGAR SIG

Aðalsteinn Gunnarsson

Framkvæmdastjóri

Bindindissamtökin IOGT á Íslandi

Brautarholti 4a

105 Reykjavík



Biskup Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 140/1633
komudagur 26.3.2012

Nefndasvið alþingis

Umsögn biskups Íslands

v/frumvarps til breytinga á lögum um skráð trúfélög nr. 108/1999

Reykjavík, 25. mars 2012

Markmið breytinganna er að jafna stöðu lífsskoðunarfélaga og skráðra trúfélaga og að tryggja jafnrétti foreldra barns við ákvörðun um hvaða skráða trúfélagi eða lífsskoðunarfélagi barn skuli tilheyra. Lögnum er ætlað að tryggja jafnræði lífsskoðunarfélaga á við skráð trúfélög á öllum sviðum samfélagsins.

Ekki skal gerð athugasemd við megingilgang frumvarpsins, að því gefnu að það skerði ekki í neinu þann rétt sem trúfélögum hefur verið tryggður í lögum fram að þessu.

Hér er stigið skref sem veldur verulegum þáttaskilum í trúmálapólitík landsins. Staða trúfélaga gagnvart almannaskráningu og á fjárlögum hefur verið skilgreind sem stuðningur ríkisvaldsins við trúariðkun í landinu sérstaklega. Það er þáttur í hinum samfélagslega sáttmála um trúfrelsi og að trúariðkun (kúltusinn, guðsdýrkunin) og helgidómar njóti verndar. Helgiathafnir á krossgötum ævinnar eru mikilvægur þáttur í öllum trúarbrögðum. Hin opinbera skráning nafngjafar og opinber staðfesting hjúskapar er miklu seinna tilkomin en á sannarlega rætur í þessu trúarlega samhengi. Borgaraleg hjónavígsla og síðar -útför kom til að mæta þörfum þeirra sem utan trúfélaga standa.

Hugtakið lífsskoðunarfélag er nýtt af nálinni og á við um félag sem sinnir athöfnum sem hingað til hafa einvörðungu verið skilgreind á hinu trúarlega sviði. Um margt eru skilin óljós í milli trúfélags og lífsskoðunarfélags. Með frumvarpinu verður heimilt að skrá lífsskoðunarfélög líkt og trúfélög og veita þeim þau réttindi og skyldur sem skráð trúfélög njóta samkvæmt lögum. Skráning lífsskoðunarfélags á þennan hátt er þekkt frá Noregi, en ekki öðrum Norðurlandanna. Í Noregi eru það sérstök lög sem eiga við um lífsskoðunarfélög.

Hér er all róttæk breyting, sem stefnt er að með hagsmuni eins félags í huga, félags sem skilgreinir sig með þeim hætti sem lagafrumvarpið gerir og býður upp á athafnir við helstu tímamót ævinnar. Nú munu þær athafnir fá lagastoð með sama hætti og skírni og hjónavígsla á vettvangi trúfélags. Þetta er nýmæli og verður áreiðanlega vandi að ákvarða, þegar fram í sækir og fleiri félög æskja þessa réttar, með hvaða hætti það skuli metið.

Þrátt fyrir skilgreiningu frumvarpsins í 4. grein má færa rök fyrir því að skilyrði til skráningar séu of opin og illa skilgreind. Frumvarpið kveður á um að til að

lífsskoðunarfélög fái skráningu þurfi þau að bjóða upp á athafnir eins og skírn eða nafngiftir, fermingu, hjónavígslu og útför. Í greinargerð segir þó að ekki þurfi félög að bjóða upp á þær allar heldur aðeins hluta þeirra. Þetta þýðir að hvaða félag sem er getur boðið upp á einhvers konar manndómsvígslu og sótt um leyfi.

Framkvæmd laga um trúfélög hefur verið æði frjálst og þröskuldar lágir hvað varðar skráningu trúfélags, engin viðmið eru til dæmis. um fjölda meðlima. Hér er þörf á að breyta. Skráningin varðar jafnt réttinn til að fá félagsgjöld – sóknargjöld – greidd sem hlutdeild í skattinum og eins ábyrgð gagnvart almannaskráningu. Með þeirri breytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir er verið að opna leið sem ekki er gott að sjá hvert leiðir í raun.

Í 4. grein frumvarpsins kemur fram að ráðherra sé heimilt að ákveða með reglugerð tiltekinn lágmarksfjölda til þess að hægt sé að skrá trúfélag eða lífsskoðunarfélag. Huga þarf að því hverjar afleiðingar slíkrar reglugerðar yrðu á skráð trúfélög sem hugsanlega næðu ekki þeim fjölda svo að aðgerð ráðherra hefði ekki áhrif á fjölda trúfélaga sem þegar væru skráð. Óvissa um þessa þætti er ekki til bóta og íhuga þyrfti að setja lágmarkstölu í lög, svo að það væri ekki háð geðþóttaákvörðun ráðherra.

Önnur grundvallarbreyting er boðuð í 9. grein frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að að hætt verði að skrá nýfædd börnin í trúfélög samkvæmt aðild móður.

Það fyrirkomulag hefur lengi verið við lýði og þótt vera til einföldunar og hefur virkað vel. Sami háttur mun vera hafður á í nágrannalöndum okkar. Það hefur þó verið gagnrýnt þar sem þar sé gengið fram hjá rétti föður til að hafa áhrif á skráningu barnsins. Hætt er þó við að það fyrirkomulag sem lagafrumvarpið gengur út frá verði flókið í framkvæmd og enda engin ákvæði um það hvernig með skuli farið ef foreldrar verða ekki sammála. Viðbúið er að skrásetning barns verði útundan og staða barnsins verði tilgreind utan trúfélaga. Breytingin er íþyngjandi fyrir trúfélögin og gengur gegn hagsmunum barnsins. Lögð er til eftirfarandi breyting:

9. gr. 2. mgr. 2. tölul. Í stað síðustu setningarinnar: „Fram til þess tíma verður þessi staða barnsins ótilgreind.“ komi: Ákvörðun þess efnis skal liggja fyrir þegar nafn barns er skráð, ella verði það skráð í trúfélag móður.

Í 10. gr. c. lið er gert ráð fyrir breytingum á 9. gr. núgildandi laga um trúfélög. Þar er fyrirsögnin Innganga og úrsögn úr skráðu trúfélagi og úrsögn úr þjóðkirkjunni. Lagt er til að fyrirsögn 10. gr. verði eingöngu: Innganga og úrsögn úr trúfélagi eða lífsskoðunarfélagi.

14. grein frumvarpsins fjallar um áhrif þess á önnur lög. Í 3. tölulið er fjallað um lög um mannanöfn. Þar stendur: 2. mgr. 2 gr. laganna orðast svo: Barn öðlast nafn við skírn í þjóðkirkjunni eða skráðu trúfélagi...

Gerð er tillaga um eftirfarandi breytingu á upphafi þessarar lagagreinar:

Nafn barns skal skráð við skírn í þjóðkirkjunni eða skráðu trúfélagi...

Skýring: Skírnin er ekki nafngjöf heldur trúarleg athöfn. Henni hefur hins vegar fylgt skráning og eru kirkjubækur því mikilvægar heimildir frá fornu fari. Nú á tímum hefur sú skylda fylgt að tilkynna um nafn barns til Þjóðskrár við skírn og er ekki gerð athugasemd við það.

Af hverju er það ekki bara: ... skráð við skírn í trúfélagi eða með tilkynningu um nafngjöf til Þjóðskrár ... Af hverju þarf að nefna þjóðkirkjuna sérstaklega?

Um greinargerð frumvarpsins:

Það er margt athugavert við greinargerð með frumvarpinu sem ekki skal gert að umfjöllunarefni hér. Óhjákvæmilegt er samt að gera alvarlegar athugasemdir við og mótmæla harðlega umsögn fjárlagaskrifstofu, þar sem segir:

„Vegna mikils halla sem er á ríkisrekstrinum um þessar mundir og stefnumörkunar um að afkoman nái jafnvægi eftir tvö ár þarf að leitast við að sporna gegn nýjum útgjöldum af þessum toga sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í útgjaldaramma innanríkisráðuneytisins. Í tengslum við þetta frumvarp mætti gera ráð fyrir að því yrði náð fram með því að lækka einingaverðsmiðun framlaga vegna sóknargjalda þannig að heildarútgjöldin verði óbreytt þótt einstaklingum í trúfélögum og lífsskoðunarfélögum fjölgi. Verði frumvarpið lögfest má telja líkur á að einstaklingum sem ríkissjóður greiðir sóknargjöld með fjölgi um fleiri hundruð og hugsanlega þúsundir til lengri tíma litið. Gera verður ráð fyrir að brugðist yrði við því með því að lækka á móti einingarverð sóknargjalda fyrir hvern einstakling þannig að útgjöldin haldist innan þess ramma sem innanríkisráðuneytinu er markaður í ríkisfjármálaáætlun gildandi fjárlaga ...“

Hér er gert ráð fyrir því að þjóðkirkjan og önnur trúfélög gjaldi fyrir velgjörð ríkisins í þágu lífsskoðunarfélaga þar sem að ekki sé ætlunin að stofna til aukinna útgjalda ríkissjóðs með þessu frumvarpi. Að lækka „einingaverðsmiðum framlaga“ eins og það er orðað, bitnar á öllum þeim sem þiggja sóknargjöld og grefur undan starfsemi trúfélaganna.

Þessari forsendu skal mótmælt harðlega. Minna má á að þar til fyrir fáum árum runnu sóknargjöld þeirra sem utan trúfélaga standa til Háskóla Íslands. Lá stjórnarskrárákvæði því til grundvallar. Nú hefur það ákvæði verið felld úr lögum. Eftir það hefur ríkissjóður haldið eftir fjármunum, sem ella hefðu gengið til Háskóla Íslands, og því hefur það verið hagur ríkissjóðs að sem flestir skrái sig utan trúfélaga. Eins hefur verið sýnt fram á að skerðing sóknargjalda hefur verið langt umfram þær skerðingar sem aðrir fjárlagaliðir hafa almennt tekið eftir hrun.

Samkvæmt niðurstöðu nefndar iInnanríkisráðuneytisins, þá borga sóknir Þjóðkirkjunnar 500 milljónir í ríkissjóð fyrir árið 2012 með niðurskurði sóknargjalda umfram meðaltalsniðurskurð ríkisútgjalda. Gera verður þá kröfu til Alþingis að það sé ekki að valda skerðingu sem enginn getur svarað hversu mikil verður.

Þjóðkirkjan hefur mætt niðurskurði sóknargjalda með umtalsverðum niðurskurði starfsemi sinna á vettvangi safnaða og stofnana kirkjunnar. Stendur það starfi og þjónustu kirkjunnar mjög fyrir þrifum og verður ekki lengra gengið án stórtjóns.

Umsagnir Fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins eru vissulega ekki lagafrumvarpið sjálft, en ástæða til að mótmæla þeim viðhorfum og rangfærslum sem þessi umsögn birtir til þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga.

Virðingarfyllt,



Karl Sigurbjörnsson

Til allsherjar- og menntanefndar Alþingis

Mál 509, þingskjal 771.

Reykjavík, 24. mars 2012.

Ágæta nefndarfólk

Mig langar að vekja athygli ykkar á nokkrum atriðum í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skráð trúfélög nr. 509, þingskjal 771.

Markmið frumvarpsins er að jafna stöðu lífsskoðunarfélaga á við skráð trúfélög og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum lífsskoðunarfélaga á við skráð trúfélög, eins og segir í greinargerð.

Með því að jafna stöðu ofangreindra félaga staðfestir Alþingi að trúleysi sé ekki hlutlaus stefna. Verði frumvarpið að lögum er ekki hægt að krefjast trúleysis eða fjarveru trúar í opinberu rými í nafni hlutleysis.

Í ljósi þess að staða barna skuli vera ótilgreind (9. grein frumvarpsins), komi foreldrar sér ekki saman um hvaða trúfélagi barnið skuli tilheyra, er rétt að vekja athygli allsherjar- og menntanefndar á að í landinu er lífsskoðunarfélag sem hefur að markmiði að hvetja fólk til að standa utan trúfélaga og vinnur markvisst að því (sjá vantru.is). Því verður ekki séð að jafnræði sé með trú- og lífsskoðunarfélögum ætli stjórnvöld að styðja málstað þess félags umfram önnur félög. Þannig er heldur ekki hægt að halda því fram að staða utan trúfélaga sé hlutleysi. Eigi að skikka barn til að standa utan trúfélaga í landi þar sem trú og trúleysi vega jafnt, af þeirri ástæðu einni að foreldrar séu ekki sammála, er ríkið að draga taum trúleysis á kostnað trúar. Þó svo að tilfelli séu ef til vill ekki mörg þar sem foreldrar koma sér ekki saman um trúfélag barns mætti breyta greininni á þann veg að gefa foreldrum ákveðinn frest til að komast að niðurstöðu eða skrá barnið í það trúfélag sem annað foreldrið hefur tilheyrt lengur.

Vert er að benda á að sú jafna staða sem frumvarpið á að ná er á kostnað þeirra trúfélaga sem nú þegar eru starfandi. Lækkun einingaverðsviðmiðs sóknargjalda hlýtur að skerða þá starfsemi og þjónustu trúfélaga sem nú þegar er við lýði. Sé ekki vilji fyrir því að auka útgjöld í samræmi við skráningu lífsskoðunarfélaga eins og fram kemur í fylgiskjali fjármálaráðuneytisins er möguleiki að mæta kostnaðaraukningu á annan hátt eins og að setja ákveðinn lágmarksfjölda til þess að félög fái sóknargjöld. Fækki félagsmönnum í starfandi trúfélagi þannig að þeir nái til dæmis ekki lengur 25 manns fær félagið ekki sóknargjöld. Mjög æskilegt er að kanna hvaða afleiðingar skerðing sóknargjalda hefði fyrir þjónustu starfandi trúfélaga áður en frumvarpið verður að lögum. Sóknargjöld eru reiknuð samkvæmt félagatali 1. desember ár hvert. Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að lögin taki gildi 1. október 2012 er engin leið fyrir trúfélög að vita með góðum fyrirvara hversu mikil skerðing sóknargjalda verði næsta ár.

Þá má spyrja hvort nafnið á lögnum opni glufu fyrir ótal félög til að sækja um skráningu sem lífsskoðunarfélög. Í greinargerðinni segir að lífsskoðunarfélög þurfi að bjóða upp á tilteknar athafnir sem tengjast tímamótum mannsævinnar, en þau þurfa ekki að bjóða upp á þær allar. Því kann að vera skynsamlegra að lögin beri heitið: „Lög um trúfélög og félög um trúleysi“ og síðan komi skilgreiningin á þeim kröfum sem félög um trúleysi þurfa að uppfylla til að hljóta skráningu.

Í frumvarpi þar sem jafnrétti er viðfangsefni skýtur skökku við að ráðuneytið miði aðeins við athafnir kristinnar kirkju varðandi skráningu lífsskoðunarfélaga, ekki síst í ljósi þess að hjónavígslur eru einu athafnirnar sem leyfi þarf til að sinna.

Þegar frumvarp um breytingar á lögum um skráð trúfélög birtist á vef innanríkisráðuneytisins sl. haust vakti athygli að hluti greinargerðarinnar virtist tekinn orðrétt upp úr bréfi sem Siðmennt sendi Stjórnlagaráði fyrir tæpu ári. Þegar jöfnuður er annars vegar er mjög óheppilegt að rekja megi á jafn augljósan hátt tengsl greinargerðar við ákveðið trú- eða lífsskoðunarfélag.

Lífleg umræða átti sér stað í Stjórnlagaráði sl. sumar um trúmál og innsend erindi mjög mörg þar sem skoðanir voru mjög skiptar. Sé ekki ætlun Alþingis að valda deilum og ósætti með þessu frumvarpi er mjög mikilvægt að taka ekki eingöngu tillit til lífsskoðunarfélaganna sem eru að berjast fyrir tilverurétti sínum heldur ekki síður trúfélaganna sem vilja ekki láta ýta sér til hliðar.

Megi allsherjar- og menntanefnd bera gæfu til að leita niðurstöðu sem sátt er um.

Með kærri kveðju,

Dögg Harðardóttir

Lindarbyggð 9

270 Mosfellsbær



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Sagnfræði- og heimspekideild



Siðfræðistofnun Háskóla Íslands

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráð trúfélög, nr. 108 28. desember 1999, með síðari breytingum (lífsskoðunarfélög, aðild barna að skráðum trúfélögum og lífsskoðunarfélögum o.fl.)

Þær breytingar sem lagafrumvarpinu er ætlað að ná fram er skýrar og vel skilgreindar. Breytingarnar munu jafna stöðu lífsskoðunarfélaga og skráðra trúfélaga „á öllum sviðum samfélagsins“. Einnig er skýrt að frumvarpið byggir á þeirri frumkröfu að allir einstaklingar séu „jafnir að lögum óháð trúar- og lífsskoðunum“.

Breytingatillögurnar ganga ekki augljóslega á rétt þeirra sem lögin ná nú yfir, þ.e. skráð trúfélög. Þá er erfitt að sjá að tillögurnar geri starfsskilyrði skráðra trúfélaga erfiðari. Tillögunum er ætlað að jafna stöðu fólks eftir lífsskoðunum þess fremur en að skerða réttindi þeirra hópa sem lög um skráð trúfélög hafa náð yfir.


Einnig virðist ljóst að þau félög sem lögin hafa ekki náð til hafa rétt til þess að sannfæringu félagsmanna sé sýnd virðing og að þau njóti réttinda og beri skyldur til jafns við skráð trúfélög. Ennfremur er mikilvægt að lögin virði rétt þeirra sem vilja standa utan allra félaga um trú eða gildi. Lög verða að taka mið af samfélagsbreytingum svo lengi sem slíkar breytingar leiða ekki til viðhorfa sem annað hvort hafna umburðarlyndi og virðingu eða ganga gegn almennri löggjöf.

Helsta vandamálið við frumvarpið snýr einmitt að þessu atriði um hvers konar skoðanir samfélagið á að setta sig við og samþykkja sem gildar lífsskoðanir. Í frumvarpinu er tekið fram að „[s]kilyrði fyrir skráningu lífsskoðunarfélags er að um sé að ræða félag sem byggist á siðferði og lífsskoðunum óháð trúarsetningum og tengja má við þekkt hugmyndakerfi í heimspeki og siðfræði“. Frekari skilyrði, s.s.

að félögin miði starfsemi sína við siðferðisgildi og mannrækt og að tilgangur þeirra „stríði ekki gegn góðu siðferði“, tengjast þessu fyrsta skilyrði.

Lítil umræða hefur farið fram milli íslenskra heimspekinga hvernig mögulegt sé að skera úr um að skoðanir tengist þekktum skoðunum í heimspeki og siðfræði. Það er ekki ómögulegt að skera úr um slík tengsl, en það er einkennilegt að setja slík skilyrði í lög eins og það liggja ljóst fyrir á hvaða forsendum slíkur úrskurður ætti að byggjast. Ennfremur má spyrja með hliðsjón af mikilvægi þessa skilyrðis hvers vegna sú nefnd sem skal gefa álit sitt á umsóknum um skráningu á trú- eða lífsskoðunarfélagi skuli vera undir formennsku fulltrúa „lagadeildar hér á landi á háskólastigi“. Starf nefndarinnar mun að öllum líkindum einkum snúa að mati á því hversu vel má tengja lífsskoðanir félaga við þekkta heimspeki og siðfræði og því komi til álita að fulltrúi Sagnfræði- og heimspekideildar Háskóla Íslands veiti nefndinni forstöðu og hafi tvöfalt atkvæðavægi þegar atkvæði nefndarmanna falla jafnt.

Virðingarfyllst,



Vilhjálmur Árnason

Varaforseti Sagnfræði- og heimspekideildar
Formaður stjórnar Siðfræðistofnunar



Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2012.

Til allsherjar- og menntanefndar Alþingis

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um skráð trúfélög, mál 509, þingskjal 771.

Með bréfi dags. 7. mars 2012 var Hvítasunnukirkjan Filadelfía beðin að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem nú liggur fyrir á Alþingi. Stjórn kirkjunnar hvetur allsherjar- og menntanefnd þingsins til að skoða vel eftirfarandi athugasemdir með það að markmiði að sem víðtækust sátt náist um frumvarpið, en að óbreyttu kann frumvarpið ef það verður að lögum að missa marks og skapa togstreitu og óvissu í samfélaginu.

Lækkun sóknargjalda

Í fylgiskjali með frumvarpinu frá fjármálaráðuneytinu segir að fjárhagsstefna ríkisins í opinberum útgjöldum kalli á að fjölgun lífsskoðunarfélaga verði mætt með lækkun á sóknargjöldum. Sú ráðstöfun kann að bitna verulega á öllum þeim sem nú þegar þiggja sóknargjöld og grefur undan núverandi starfsemi þeirra. Þá er vert að íhuga að hvaða leiti skerðing slíkra sóknargjalda þjóni hagsmunum samfélagsins í heild, en í því ástandi sem nú ríkir í þjóðfélaginu hafa trúfélög staðið mikilvæga vakt og þjónað samfélagi sínu, þá sérstaklega þeim sem minna mega sín. Frekari skerðing sóknargjalda, byggð á óljósum hugmyndum um fjölda félaga sem verða stofnuð og umsóknum um skráningu í slík félög er óásættanleg. Ekkert starfandi trúfélag getur gert marktæka fjárhagsáætlun gangi þetta eftir. Það getur varla verið áætlun Alþingis að gera út af við starfandi trúfélög með þessum hætti á tímum sem nú.

Um hugtakanotkun

Hugtakanotkun í frumvarpinu er á stöku stað afar gildishlaðin og óviðeigandi gagnvart trúfélögum sem og öðrum félögum sem eru andlag frumvarpsins. Í 4. gr. frumvarpsins er t.a.m. lögð til breyting á 2. mgr. 3. gr. þar er það gert að skilyrði að félag viðhafi tiltekna athafnir sem nánari dæmi eru gefin í lögnum. M.a. er þar vísað til „fermingar“. Þrátt fyrir að ákvæðið tiltaki athafnirnar sem dæmi er orðalagið ekki viðeigandi þar sem fermingin snýr að „staðfestingu skírnar“ og er þess vegna hugtak og athöfn sem bundin er við trúfélög sem viðhafa barnaskírn. Ýmis kristin trúfélög bjóða ekki upp á fermingu, þess í stað er boðið upp á unglingablessun eða þessháttar athöfn. Eðlilegt væri að gæta jafnræðis í texta m.t.t. annarra kristinna trúfélaga og/eða félaga er lögnum er ætlað að fjalla um.



HVÍTASUNNUKIRKJAN
FÍLADELFÍA

Skráning barna í trúfélög

Í 9. gr. frumvarpsins kemur fram að ef foreldrar koma sér ekki saman um hvaða trúfélagi barn þeirra skuli tilheyra verði staða þess ótilgreind. Erfitt er að sjá annað en að þá sé barnið í reynd skráð utan trúfélaga. Slík niðurstaða hlýtur að vera ófullnægjandi í tilviki þar sem barn á eitt foreldri sem stendur utan trúfélags og hitt foreldrið sem sé hluti af trúfélagi. Í þeim tilvikum getur það foreldrið sem stendur utan trúfélags á óbeinan hátt þröngvað afstöðu sinni á barn sitt í óþökk hins foreldrisins. Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir slíka ósanngjarna stöðu með því annað hvort að skilgreina hina „ótilgreindu“ stöðu barnsins á ásættanlegan hátt eða þá, sem er um margt eðlilegri niðurstaða, að nota sömu leið og farin hefur verið í t.d. lögum um mannanöfn nr. 45/1996. Í þeim lögum fá foreldrar 6 mánuði til að gefa barni sínu nafn, að þeim tíma liðnum er heimilt að beita foreldra dagssektum uns nafngjöf hefur verið fullnægt. Í frumvarpi þar sem verið er að jafna stöðu trúfélaga og lífsskoðunarfélaga verður ekki annað séð en þetta ákvæði vinni markvisst að því að koma börnum úr trúfélögum. Í öllum tilvikum er ótækt barnsins og foreldranna vegna að búa við einhvers konar „ótilgreinda“ aðstöðu til lengri tíma.

Fjölgun leyfa

Í 8. gr. frumvarpsins er fjallað um að þeir sem í dag annist embættisverk skráðs trúfélags geti falið einhverjum sem þeir treysta og uppfylla ákveðin skilyrði að annast tiltekin verk, innan félagsins. Rökin eru þau að forstöðumaður geti haft mikið að gera, veikst eða forfallast og þá sé nauðsynlegt að fleiri hafi leyfi. Fyrst trúfélög hafa getað haft leyfið á einni hendi og sinnt skyldum sínum hvers vegna er þá verið að fjölga leyfum til embættisverka? Ef félög þurfa aðeins að bjóða upp á tvær félagslegar athafnir til að öðlast skráningu þá hlýtur ein manneskja að geta sinnt því hlutverki. Í besta falli þyrfti að gera kröfu um ákveðinn fjölda félagsmanna áður en leyfum væri fjölgað. Telja má eðlilegt að fjöldi félagsmanna sé að lágmarki 50 manns fyrir fyrsta leyfi.

Stjórn Hvítasunnukirkjunnar Fíladelfíu ítrekar ósk sína um að frumvarpið verði unnið betur.

Virðingarfyllst,

Vörður Leví Traustason

Prestur Hvítasunnukirkjunnar Fíladelfíu í Reykjavík

Með bréfi dagsettu 7. mars 2012 óskar allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn KFUM og KFUK á Íslandi við frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráð trúfélög, nr. 108/ 28. desember 1999, með síðari breytingum (lífsskoðunarfélög, aðild barna að skráðum trúfélögum og lífsskoðunarfélögum o. fl. (Þingskjal 771 – 509. mál.)

KFUM og KFUK á Íslandi er frjáls félagasamtök sem starfar að útbreiðslu kristinnar trúar meðal ungs fólks. Flestir meðlimir félagsins eru í íslensku Þjóðkirkjunni. Félagin eru víða á landinu í nánú samstarfi við Þjóðkirkjuna. Lagafrumvarp þetta hefur því engin bein áhrif á starf KFUM og KFUK á Íslandi.

Í athugasemdum við frumvarp þetta segir svo m.a.:

Markmið frumvarpsins er annars vegar að jafna stöðu lífsskoðunarfélaga á við skráð trúfélög og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum trúfélaga og lífsskoðunarfélaga og jafna þannig stöðu umræddra félaga á öllum sviðum samfélagsins. ...

... Markmið frumvarpsins er hins vegar að tryggja jafnrétti foreldra barns við ákvörðun um til hvaða skráða trúfélagi eða lífsskoðunarfélagi barn skuli heyra, en samkvæmt núgildandi lögum skal barn við fæðingu talið heyra til sama skráða trúfélagi og móðir þess.

KFUM og KFUK á Íslandi sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við megintilgang frumvarpsins, þ.e. að lífsskoðunarfélög öðlist rétt til skráningar með hliðstæðum réttindum og trúfélög að því gefnu að það skerði ekki í neinu þann rétt sem trúfélögum hefur verið tryggður í lögum fram að þessu.

Um einstakar greinar:

4. gr. Skilgreiningin á lífsskoðunarfélagi í þessari grein er býsna opin og óljós. Mikilvægt er þegar um slíkt hefðarrof er að ræða, þ.e. að leggja trúfélög og lífsskoðunarfélög að jöfnu, að skilgreining hugtaksins *lífsskoðunarfélög* í þessu sambandi sé eins ljós og kostur er.

4. gr. b, 2. mgr. Í lok málsgreinarinnar segir: „Þá er það skilyrði að félagið sjái um tilteknar athafnir, svo sem útfarir, giftingar, skírnir eða nafngjafir og fermingar eða aðrar hliðstæðar athafnir.“ Í greinargerð er tekið fram að lífsskoðunarfélög þurfi ekki að bjóða upp á þær allar, heldur a.m.k. sumar og eru tvær teknar sem dæmi. Undirrituðum þykir brýnt að skilgreining á þeim kröfum, sem lífsskoðunarfélög þurfi að uppfylla til að fá skráningu sem slík, sé afdráttarlausari en hér virðist vera.

9. gr. Hér er leitast við að tryggja jafnrétti foreldra við skráningu barns í trúfélag eða lífsskoðunarfélag. Sá háttur sem fram að þessu hefur verið á skráningu barns í trúfélag, þ.e. að skrá það við fæðingu í trúfélag móður hefur lengi verið við lýði og er sami háttur hafður á í nágrannalöndum okkar og reynst vel. Hætt er við að það fyrirkomulag sem lagafrumvarpið gengur út frá verði flókið í framkvæmd og enda engin ákvæði um það hvernig með skuli farið ef foreldrar verða ekki sammála. Því er lagt til:

9. gr. 2. málsg. 2. tölul. Í stað síðustu setningarinnar: „Fram til þess tíma verður þessi staða barnsins ótilgreind.“ komi: „Ákvörðun um hvaða trúfélagi barnið skuli tilheyra eða hvort það skuli skráð utan trúfélaga, skal liggja fyrir þegar nafn barns er skráð.“

Greinargerð fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem fylgir frumvarpinu og röksemdafærsla hennar er byggð á miklum misskilningi. Þar segir m.a.: „Þau ákvæði frumvarpsins sem helst eru talin geta haft áhrif á útgjöld ríkissjóðs varða réttindi lífsskoðunarfélaga og hlutdeild þeirra í framlögum vegna sóknargjalda. ... Gera verður ráð fyrir að brugðist yrði við því með því að lækka á móti einingaverð sóknargjalda fyrir hvern einstakling..... Verði frumvarpið lögfest má telja líkur á að einstaklingum sem ríkissjóður greiðir sóknargjöld með (sic!) fjölgi um fleiri hundruð og hugsanlega þúsundir til lengri tíma litið.“

Hér er um mikinn misskilning að ræða um eðli sóknargjalda og innheimtu þeirra. Ástæða er til að vísa hér til bráðabirgðaskýrslu nefndar innanríkisráðherra til að meta áhrif niðurskurðar fjárveitinga á starfsemi þjóðkirkjunnar dags. 16. nóv. 2011. Þar segir m.a.:

Í öðru lagi byggja fjárveitingar fjárlaga á gildandi lögum nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl.. Þau lög leystu af hólmi eldri lög um sama efni sem sett höfðu verið tveimur árum áður. Samkvæmt hinum eldri lögum lagði sóknarnefnd gjaldið á og ákvað fjárhæð þess innan tiltekins ramma. Ríkið tók að sér að annast um innheimtuna, gegn 1% þóknun sem rann í ríkissjóð, og skilaði gjaldinu til viðkomandi aðila. Í greinargerð frumvarpsins sem varð að lögum nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl. er til þess vísað að í greinargerð frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum komi

kirkjugarða verði hin sama og verið hafi samkvæmt þágildandi lögum. Nefndin sem samdi frumvarpið hafi haft það sem meginsjónarmið að kirkjan haldi tekjustofnum sínum óskertum, miðað við þau sem hún hafi haft. Jafnframt sé mikilvægt að reglur, sem settar verði, tryggji stöðugleika á tekjustofnum sókna. Þá segir í greinargerðinni að kostir þessarar leiðar, sem valin var við að reikna út og skipta umræddum gjöldum séu einkum þeir að hún sé einföld í framkvæmd, hún tryggi til frambúðar stöðugleika á umræddum tekjustofnum kirkjunnar og fylgi tekjubreytingum. Þetta auðveldi söfnuðum að áætla tekjur sínar og byggja fjárhagsáætlanir á þeim. Jafnframt falli innheimtukostnaður niður.

Hér kemur skýrt fram að litið er á sóknargjöld sem félagsgjöld sem ríkið tekur að sér að innheimta en ekki sem framlög úr ríkissjóði. Minna má á að þar til fyrir fáum árum runnu sóknargjöld þeirra sem utan trúfélaga stóðu til Háskóla Íslands. Lá stjórnarskrárákvæði því til grundvallar. Nú hefur það ákvæði verið fellt úr lögum. Eftir það hefur ríkissjóður haldið eftir fjármunum sem ella hefðu gengið til Háskólans, og því hefur það verið hagur ríkissjóðs að sem flestir skrái sig utan trúfélaga. Það er því eðli málsins samkvæmt aðeins þessi tekjustofn sem kynni að skerðast ef frumvarp þetta verður að lögum.

Að lokum skal ítrekað að KFUM og KFUK á Íslandi gerir ekki athugasemdir við megintilgang frumvarpsins en leggur hins vegar áherslu á að mikilvægt er

að vanda til skilgreiningar á hugtakinu „lífsskoðunarfélög“ eins og það verður notað í væntanlegum lögum, og enn fremur að ný lagasetning skerði í engu lagalegan rétt eða stöðu trúfélaga í landinu miðað við það sem nú er.

F. h. KFUM og KFUK á Íslandi

Gyða Karlsdóttir, framkvæmdastjóri
Sr. Sigurður Pálsson

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2012

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráð trúfélög, nr. 108/1999, með síðari breytingum (lífsskoðunarfélög, aðild barna að skráðum trúfélögum og lífsskoðunarfélögum o.fl.), 140. löggjafarþing, 771. – 509. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráð trúfélög. Markmið frumvarpsins er að jafna stöðu lífsskoðunarfélaga á við skráð trúfélög og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum lífsskoðunarfélaga á við skráð trúfélög og jafna þannig stöðu umræddra félaga á öllum sviðum samfélagsins.

Mannréttindaskrifstofan fagnar frumvarpinu og telur að með því verði ofangreindu markmiði náð og lífsskoðunarfélög verði jafnsett skráðum trúfélögum að lögum.

Frelsi einstaklingsins til þess að vera frjáls hugsana sinna, sannfæringar og trúar hefur notið verndar í fjöldamörg ár í hinum ýmsu mannréttindasamningum sem Ísland er aðili að. Má t.d. nefna 18. gr. Mannréttindafyrirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, 9. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og 18. gr. Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Þessu frelsi má ekki setja skorður nema með lögum og aðeins ef þær takmarkanir eru nauðsynlegar til að vernda öryggi almennings, reglu, heilbrigði, siðgæði eða grundvallarréttindi og frelsi annarra.

Mannréttindaskrifstofan fagnar því sérstaklega að gert er ráð fyrir því að við skráningu lífsskoðunarfélags öðlast það rétt til sóknargjalda fyrir skráða meðlimi félagsins, enda styrkir það og eflir félögin í sínu starfi.

Þrátt fyrir almenna ánægju Mannréttindaskrifstofu við frumvarpið þykir þó tilefni til athugasemda við 10. gr. frumvarpsins er lítur að skráningu barna í trúfélög. Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að skráning fari nú ekki eingöngu eftir skráðu trúfélagi móður heldur beggja foreldra. Sú breyting er jákvæð að því leyti að hún stenst betur jafnréttislög en núgildandi ákvæði. Hins vegar er Mannréttindaskrifstofan þeirrar skoðunar að það eigi að vera í verkahring foreldra barns að ákveða hvaða trúfélagi eða lífsskoðunarfélagi barn eigi að tilheyra og því eigi þau að sjá um þá skráningu sjálf en ekki ríkið. Í 2. mgr. 14. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálanum) segir; „aðildarríki skulu virða rétt og skyldur foreldra, og lögráðamanna, til að veita barni leiðsögn við að beita rétti sínum, til frjálsrar hugsunar, sannfæringa og trúar, sem samræmist vaxandi þroska þess.“ Í þessu ákvæði felst því að það er skylda foreldra til að aðstoða barn við slíka ákvörðun og taka afstöðu hafi barn ekki þroska til þess sjálft að taka ákvörðun um þessi



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

mál. Því er lagt til að ákvæðið kveði á um það að foreldrar barns í hjúskap eða skráðri sambúð taki sameiginlega ákvörðun um skráningu barns í trúar- eða lífsskoðunarfélag og fram til þess tíma verði staða barns að þessu leyti ótilgreind.

Að öðru leyti gerir Mannréttindaskrifstofa ekki athugasemdir við hið framlagða frumvarp.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis

EFNI: ATHUGASEMDIR VIÐ FRUMVARP UM SKRÁÐ TRÚFÉLÖG, 509. MÁL

Almenna reglan er sú að almennt félagafrelsi er við lýði á Íslandi. Þannig er almennt ekki hægt að neyða einstaklinga til þess að vera í félögum né skrá þá í félög að þeim óforspurðum. Einstaklingur hefur því þann almenna rétt að velja sér þau félag sem hann tilheyrir og styður með félagaskráningu sinni.

Við fæðingu tilheyrir barn ekki trú- eða lífsskoðunarfélagi frekar en það tilheyrir stjórn málaflakki eða íþróttafélagi. Ástæða þess er einföld, barnið hefur ekki tileinkað sér þær skoðanir eða þau gildi sem fyrirbyggjandi þurfa að vera. Það er því ósanngjarnt gagnvart barninu að skrá það í trú- eða lífsskoðunarfélag án þess að upplýst samþykki þess liggja fyrir og það liggur í hlutarins eðli að ungabarn getur ekki gefið slíkt samþykki. Skráning í félag hefur í för með sér að ætla má að viðkomandi hallist að og samþykki þau gildi sem viðkomandi félag stendur fyrir og er því ekki til að dreifa í þessum kringumstæðum. Skráning í félag af hvers konar tagi er því yfirlýsing, en þá yfirlýsingu getur ungt barn ekki samþykkt eða hafnað.

Þá má líka ætla að skráning í trú- eða lífsskoðunarfélag hafi sjálfkrafa áhrif á afstöðu barnsins í þessum málum þegar það eldist. Það er afar áhrifaríkt þegar ungu barni er sagt að það tilheyrir einu eða öðru félagi, enda eru þau almennt miklar félagsverur sem vilja tilheyra einhvers staðar. Þannig hefur verið grafið undan getu barnsins til þess að taka sjálfstæða ákvörðun um þessi mál þegar það eldist.

Í þessu samhengi verður einnig að skoða hvaða hagsmunir ráði og ekki verður séð að það sé í hag barnsins að það sé skráð í trúfélag við fæðingu. Ungabarn líður ekki fyrir skráningu utan trú- eða lífsskoðunarfélags né hagnast það á skráning í slíkt félag. Því má segja að einu aðilarnir sem hagnast á þessari skráningu séu trú- og lífsskoðunarfélagin. Stærsta trúfélag landsins, Þjóðkirkjan, hefur með virkum hætti barist fyrir þessari skráningu enda hefur það hingað til haft ríkra fjárhagslegra hagsmuna að gæta þegar ungabörnin vaxa upp og verða að skattgreiðendum, enda skipta sóknargjöldin Þjóðkirkjuna verulega miklu máli. Þeir hagsmunir mega þó ekki fara ofar hagsmunum barnsins sem ekki á sér málsvara í þessum kringumstæðum þegar því er ætlaður staður í litrófi trúar, trúleysis eða sértækra lífsskoðana.

Þannig hlýtur það að vera mannréttindabrot að ætla nýfæddu barni það að það aðhyllist ákveðna trú eða lífsskoðun. Hvernig er hægt að ætla það að nýfætt barn aðhyllist eina trú eða lífsskoðun umfram aðra? Með þessu er einnig gert lítið úr viðkomandi trú eða lífsskoðun þegar ríkisvaldið getur sagt að barn játi t.d. kristna trú bara vegna þess að foreldrar þess játa hana. Þannig er allt hið persónulega tekið úr trúnni á meðan hún á í raun að vera það allra persónulegasta sem nokkur maður getur eignast. Þannig er trúin, sem sögð er vera persónuleg, gerð að einhverju sem gengur í erfðum eða er tilkomin vegna uppeldis og kringumstæðna.

Nú kunna einhverjir að segja að skráning utan trú- eða lífsskoðunarfélags tákni að viðkomandi sé í beinni andstöðu við þessi félög, en svo er alla jafna ekki. Einstaklingur þarf ekki að hafa neitt á móti kristinni eða íslamskri trú þótt hann sé ekki skráður í viðkomandi trúfélög. Skráning utan

trúfélags merkir venjulega aðeins það að viðkomandi hafi ekki gert upp hug sinn eða hreinlega að hann telji sig ekki eiga samleið með nokkru félagi. Skráning utan íþróttafélaga eða stjórnmalaflokka segir bendir ekki til andúðar á ákveðnum íþróttagreinum eða stjórnmalastefnum.

Að lokum bendi ég á álit Jafnréttisstofu sem fram kom 1. desember 2008, en þar er sagt að hallað sé á rétt föður í núverandi útgáfu laganna. Sá halli er enn til staðar í breytingartillögunum því mæður eru fara í miklum meirihluti með forsjá barns þar sem aðeins er um einn forsjáraðila að ræða. Þá segir í álitinu:

"Hagsmunir barnsins eiga alltaf að vera hafðir að leiðarljósi fram yfir hagsmuni foreldranna, og það er erfitt að sjá að sé hagsmunamál fyrir barnið að vera skráð í eitthvert tiltekið trúfélag við fæðingu."

Það má því með sannni segja að núverandi og viðtakandi lög í þessum efnun gangi beint gegn réttindum barnsins í öllum tilfellum og annars foreldrisins í mörgum tilfellum.

Ég vil því að ofangreind málsgrein verði felld út í heild sinni og að ríkið hætti öllum afskiptum af skráningu nýfæddra barna í trú- eða lífsskoðunarfélög enda eru engin gild rök fyrir því hvers vegna ríkið ætti að vasast í þessum málum. Foreldrar hafa sjálfir fulla getu til þess að skrá börn sín í trúfélög, kjósi þeir það, og þarf ríkið ekki að hafa neina milligöngu um það. Í dag er m.a.s. lítið fyrir því haft að breyta skráningu í Þjóðskrá, en það er hægt að gera með tölvupósti og því ætti þetta ekki að vera mikið ómak fyrir foreldra. Best er þó ef börnin ráði þessari skráningu alfarið sjálf þegar þau verða fullveðja einstaklingar, enda getur enginn skipað þeim til sætis í þessum efnun. Það verða þau að gera sjálf.

Með kveðju

Ólafur Jón Jónsson
050866-5649

Reykjavík, 26. mars 2012

Umsögn um frumvarp til laga um skráð trúfélög (lífsskoðunarfélög, aðild barna o.fl.), 509. mál.

Frá Samfylkingunni

Samfylkingin þakkar fyrir þetta tækifæri til að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Forystusveit málefnanefndar um lýðrétti og mannréttindi var falið að vinna umsögnina.

Í ályktun landsfundar Samfylkingarinnar í október 2011 um lýðræði og mannréttindi, sem bar yfirskriftina: *Jafnrétti án landamæra – nýjar leikreglur lýðræðsins*, var m.a. fjallað um trú og lífsskoðanir, þar segir:

Ísland er fjölmenningarlegt land þar sem allir eru jafnir og virðingu á að bera fyrir frelsi fólks til að aðhyllast trúarbrögð, lífsskoðanir og lífsgildi af fjölbreyttum toga. Í þeim eru verðmæti sem samfélaginu ber að standa vörð um. Trúfrelsi, sannfæringarfrelsi og réttur til að iðka trú og fylgja lífsskoðun sinni er mikilvægur hluti þeirra mannréttinda sem tryggð eru á Íslandi.


Samfylkingin styður menningarlega þróun í átt til meiri fjölbreytileika, vill styðja við ólíka menningu og litur á ríkisvald sem veraldlegs eðlis. Samfylkingin mun vinna að jafnræði lífsskoðana hvort sem þær eru af trúarlegum eða veraldlegum toga. Námskrár grunn- og leikskóla árétti mikilvægi fræðslu um lífsskoðanir, bæði trúarlegar og veraldlegar, auk siðfræðikennslu, með það að markmiði að undirbúa börn undir það að vera virkir og ábyrgir þátttakendur í fjölmenningarlegu lýðræðissamfélagi.

Í frumvarpinu er að finna jákvæðar breytingar varðandi lífsskoðunarfélög og starfsemi þeirra, sem við teljum í anda þess sem fram kemur hér að ofan. Mælt er með samþykkt þessa frumvarps.

Með kveðju

Amal Tamimi

formaður málefnanefndar Samfylkingarinnar um lýðræði og mannréttindi



Alþingi
Erindi nr. þ 140/1409
komudagur 6.3.2012

SIÐMENNT
Félag siðrænna húmanista á Íslandi
Æsufelli 4, 2F
111 Reykjavík
www.sidmennt.is
sidmennt@sidmennt.is

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

5. mars 2012

Til allsherjar- og menntanefndar Alþingis

Umsögn Siðmenntar, félags siðrænna húmanista á Íslandi, um frumvarp til breytinga á lögum nr. 108/1999 þingskjal 771 – 509 mál.

Stjórn Siðmenntar, félags siðrænna húmanista, fagnar frumvarpinu sem mun jafna stöðu lífsskoðunarfélaga (trúarlegra sem veraldlegra) og þar með réttindi þess hluta landsmanna sem hafa aðra lífsskoðun en trúarlega. Siðmennt vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Almennt

Allt frá stofnun Siðmenntar, árið 1990, hefur eitt af megin baráttumálum félagsins verið að vinna að jafnræði lífsskoðunarfélaga. Siðmennt telur að með breytingum á núverandi lögum náist markmið lagasetningarinnar, það er: „... að jafna stöðu lífsskoðunarfélaga á við skráð trúfélög og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum trúfélaga og lífsskoðunarfélaga og jafna þar með stöðu umræddra félaga á öllum sviðum samfélagsins.“

Í greinagerð frumvarpsins er vitnað í grein Oddnýjar Mjallar Arnardóttur hdl. þar sem kemur fram að skortur er á vernd íslensku stjórnarskrárinnar á rétti trúleysingja og þeirra sem aðhyllast önnur hugmyndakerfi en trúarleg. Að hann sé ekki sá sami og þeirra sem trúa. Hvatt er til þess, með vísan í ákall Sameinuðu þjóðanna, að veita og tryggja virka og jafna vernd þessara hópa. Rétt er að benda á að við þá breytingu sem lagt er til á lögum nr. 108/1999 er ekki verið að ganga á rétt annarra né sá réttur skertur. Einungis er verið að jafna rétt þeirra sem hafa veraldlegar lífsskoðanir á við þær trúarlegu.

Í þessu frumvarpi er orðið lífsskoðunarfélag notað í þröngri merkingu, þ.e. einungis þegar átt er við um lífsskoðunarfélag án trúar á æðri mátt. Það er hins vegar ekki rétta meaning þess, því að hugtakið lífsskoðun (e.

life stance) gerir ekki upp á milli trúarlegra eða veraldlegra skoðana. Hins vegar er skiljanlegt að hikað sé við að taka upp þessa almennu merkingu þess því að þá myndi orðið „trúfélag“ falla niður á sumum stöðum. T.d. fyrir sögn 2. gr. laganna myndi þá heita „Skráning lífsskoðunarfélaga“ og það heiti innifæli bæði trúfélög og veraldlega lífsskoðunarfélög. Hugsanlegt er að sum trúfélög setji sig upp á móti slíkri breytingu og því nær þetta frumvarp vart lengra með þessa þróun hugtaka en nú er orðið. Því er beint til stjórnvalda að huga að breytingum á þessum lögum innan tiltekins tíma til dæmis innan þriggja ára en eins og bent er á í greinagerð með frumvarpinu var í Noregi gerðar svipaða breytingar en eftir ákveðin tíma voru lögin endurskoðuð og sérstök lög um veraldleg lífsskoðunarfélög samþykkt.

Um 4. grein frumvarpsins

Hér er fjallað um 2. mgr 3. gr lagana og viðbót við 1. mgr. Siðmennt ítrekar skoðun sína á að nauðsynlegt sé að skilgreining á lífsskoðun komi fram eins og hún er í frumvarpinu. Skilyrðin sem sett eru nægja til að sýna fram á ábyrga starfsemi. Með því að tala frekar um yfirgripsmikið hugmyndakerfi er þó farið fram á að ekki sé um fátæklega og takmarkaða hugmyndafræði að ræða, sem raunin gæti verið ef einhver ætlaði sér að búa til eitthvað gervifélag til að hala inn sóknargjöld.


Um 9. greinina

Lagt er til í frumvarpinu að gerð verði breytingar á 8. grein um skráningu barna í trúfélög sem hingað til hefur verið sjálfkrafa við fæðingu þess. Það er skoðun Siðmenntar að ríkið eigi ekki að sjá um skráningu fólks í trú- eða lífsskoðunarfélög. Það er hlutverk foreldra að sjá um slíkt en ekki ríkis. Siðmennt leggur til að farin verði sú leið sem Svíar hafa farið. Þar fæðist barn ekki inn í trú eða trúfélag og að ríkið sér ekki um skráningu þess heldur. Ef foreldrar óska eftir aðild barns að trúfélagi er það gert með skírni eða sambærilegri athöfn. Einnig skal bent á í þessu tilliti að skírni er hugtak í kristni en sambærileg veraldleg athöfn er nafngjöf. Félagið telur þó breytinguna eins og hún er orðuð bæta núverandi skráningu.

Stjórn Siðmenntar lýsir yfir vilja sínum til að mæta á fundi til þess að rökstyðja svar sitt betur.

Virðingarfyllt

F.h. Siðmenntar



Bjarni Jónsson

From: Sigurbjörn Guðmundsson [sigurbjorn@centrum.is]
Sent: 29. janúar 2012 12:05
To: Nefndasvið umsagnir; Ögmundur Jónasson
Cc: Morgunblaðið - Fréttir; RUV - frettastofa utvarps
Subject: Frumvarp um breytingar á lögum um trúfélög

509.mál

Lífsskoðunarfélag er víðtækara hugtak en trúfélag. Öll trúfélög eru lífsskoðunarfélög. ASÍ er dæmi um samtök lífsskoðunarfélaga. ASÍ gæti þannig hvatt aðildarfélög sín til að gangast fyrir námskeiðum fyrir unglinga um verkalyðsmál og fleira og staðfest þáttöku þeirra í slíkum námskeiðum árið sem unglingarnir verða 14 ára og kallað athöfnina fermingu að fyrirmynd trúfélags sem nefnist Siðmennt. Eru stjórnmalafélög ekki líka lífsskoðunarfélög? Ég tel þannig að fyrirhugaðar breytingar á lögum um trúfélög varhugaverðar. Mér finnst tvennt koma til greina. Annars vegar verði orðinu "trúfélag" breytt í "lífsskoðunarfélag" þannig að öll félög sem falla undir heitið lífsskoðunarfélag geti öðlast hlutdeild í sóknargjöldum og frelsi frá fasteignagjöldum af félagsheimilum sínum með því að skrá sig sem lífsskoðunarfélag hjá Innanríkisráðuneytinu. Hins vegar verði löggin látin standa óbreytt og lífsskoðunarfélögum sem vilja krækja sér í sóknargjöld og frelsi frá fasteignagjöldum verði bent á að setja trúargrunn sinn, öðru nafni siðmenntargrunn eða lífsskoðunargrunn, niður á blað og senda inn til innanríkisráðuneytisins um leið og þau sækja um að verða skráð sem trúfélag.

Stigið varlega til jarðar háttvirtir alþingismenn og ráðherrar.

Kveðja.
Sigurbjörn Guðmundsson
Laugarnesvegi 87
105 Reykjavík
sigurbjorn@centrum.is
Símar: 568 5919 / 861 7259

Akureyri 19. mars

Í lagafrumvarpi um “skráð trúfélög” sem nú liggur fyrir Alþingi er stefnt að jöfnuði milli trúfélaga og lífsskoðunarfélaga er að finna eftirfarandi setningu:

“Þá segir jafnframt að styrkur og vernd ríkisins einstökum trúfélögum og lífsskoðunarfélögum til handa gæti að verulegu leyti byggst á gagnkvæmum samningum milli ríkisins og einstakra trúfélaga og lífsskoðunarfélaga sem veittu hinu opinbera aukna innsýn í starfsitt, tækju á sig ákveðin hlutverk en hlytu í staðinn tiltekinn styrk.”

Ég undirritaður vil leggja til að þessi möguleiki verði ekki samþykktur í frumvarpinu því þá eyðileggst allt jafnrétti trú- sem lífsskoðunarfélaga við gildistöku þessara laga. Þessi setning hefur innifalinn möguleika á mismunun af ríkisins hálfu. Ráðherra getur gert “samning” við Hvítasunnusöfnuðinn og veitt meira fjármagni í þann hóp og hallað um leið rétti annara lífsskoðunarfélaga. Best væri að ríkið setti lög og skipti sér síðan ekki af trú eða lífsskoðunum þegnanna nema lífi og limum annarra þegna sé ógnað við breyttar áherslur lífsskoðunarfélagsins. Ekki þarf að minnast á að ógnir og hryðjuverk eru þekkt um allan heim í nafni lífsskoðunarfélaga nægir þar að nefna kommúnismann og Islam. Trúin ein ber ekki sökina heldur stjórnsmál og lífsskoðanir alveg eins.

Í dag er t.d. lífsskoðu VG farin að fetta fingur út í starfsemi “gildishlaðins trúfélags” en þannig rekast lífsskoðanir tveggja hópa á hvers annars horn. VG er sömu “skoðunar” og kommúnistar sem hafa svert samvisku sína með morðum á yfir 100 milljón manns. En hið “gildishlaðna trúfélag” hefur ekki eitt mannlíf á samviskunni. Í nafni ríkis gæti því VG-lífsskoðunarfélagið notið forréttinda af fjárframlögum ríkisins en trúfélögin svelt af því að þau ná ekki “gagnkvæmum samningi” og njóti þess vegna ekki sérstaks styrks.

k.k.

Snorri í Betel

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. mars 2012
UB: 1203/4.1.1

Efni: Frumvarp til laga um skráð trúfélög (lífsskoðunarfélög, aðild barna o.fl.), 509. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 7. mars, þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um ofangreint frumvarp. Umboðsmaður barna gerir litlar athugasemdir við frumvarpi en vill þó koma eftirfarandi á framfæri.

Umboðsmanni barna hafa borist erindi þar sem börn leita svara varðandi trúfrelsi sitt. Dæmi um erindi af þessu tagi er að börn vilja fermast í kirkju en foreldrar eru því mótfallnir eða börn langar ekki að fermast í kirkju heldur borgaralega, þvert á óskir foreldra. Einnig geta komið upp dæmi þar sem börn vilja alls ekki fermast. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um skráð trúfélög nr. 108/1999 geta þeir sem eru orðnir 16 ára tekið ákvörðun um inngöngu í eða úrsögn úr skráðu trúfélagi. Í ljósi þess að flest börn fermast á 14. aldursári veltir umboðsmaður barna upp þeirri spurningu hvort ekki væri eðlilegra að börn gætu tekið ákvörðun um inngöngu í eða úrsögn úr trúfélagi þá. Ákvörðun um það hvort eða hvar þau fermast verður því þeirra.

Í 3. mgr. 8. gr. laga um skráð trúfélög nr. 108/1999 segir að ef barn hefur náð 12 ára aldri skal sá sem tekur ákvörðun um inngöngu þess í eða úrsögn úr skráðu trúfélagi leita eftir áliti þess. Á síðastliðnum árum hefur börnum verið veittur ríkari réttur til þess að láta skoðanir sínar í ljós og að tekið sé tillit til þess sem þau hafa fram að færa eftir því sem aldur og þroski leyfa. Enn eru þó ákvæði sem uppfylla ekki skilyrði 12. gr. Barnasáttmálans á þann hátt að börnum er aðeins veittur réttur til að láta skoðanir sínar í ljós þegar þau hafa náð tilteknum aldri. Fyrirnefnt ákvæði er dæmi um slíkt. Í 12. gr. Barnasáttmálans segir að *aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálst í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur og þroska*. Umboðsmaður barna telur mikilvægt að orðalagi ákvæðisins verði breytt á þá leið að sá sem tekur ákvörðun um inngöngu barns í eða úrsögn þess úr skráðu trúfélagi skuli leita eftir áliti barns eftir því sem aldur og þroski gefa tilefni til.

Virðingarfyllt,

Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna

Nefndarsvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

21. mars 2012

Umsögn Vantrúar um framvarp til breytinga á lögum nr. 108/1999, þingskjal 771 - mál 509.

Felagið Vantrú er andvíggt hvers konar aðkomu ríkisvaldsins að trúarlífi landsmanna, þ.á.m. því að ríkið haldi opinberar skrár um aðild landsmanna að trúfélögum eða styrki þau með fjárframlögum úr ríkissjóði. Afstaða félagsins er því sú að lög nr. 108/1999 um skráð trúfélög verði einfaldlega numin úr gildi ásamt öðrum lagabálkum sem stangast á við framangreind markmið félagsins. Þrátt fyrir að frumvarp það sem nú er til umræðu gangi ekki svo langt þá fagnar Vantrú öllum breytingum sem miða að því að koma til móts við sjónarmið félagsins um jafnrétti lífsskoðanna. Um efni þess frumvarps sem nú er til umræðu vill Vantrú koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

Skráning barna

Vantrú telur óeðlilegt að börn séu sjálfkrafa skráð í trúfélag við fæðingu. Þegar kemur að lagasetningu sem hefur áhrif á stöðu barna er eðlilegt að miðað sé við hagsmuni þeirra. Jafnréttisstofa hefur í áliti sínu frá 1. desember 2008 bent á að ekki sé að sjá að það sé í þágu hagsmuna barna að þau séu sjálfkrafa skráð í trúfélag við fæðingu. Vantrú álítur að þeir einu sem hægt er að sjá að hafi hagsmuni af því eru trúfélögin sjálf. Jafnréttisstofa bendir á að miklu eðlilegra sé, og í meira samræmi við jafnréttislög, að forsjáraðilar taki ákvörðun um það hvort og hvenær börn séu skráð í trúfélög. Vantrú er sammála því áliti og leggur til að lögunum verði breytt í samræmi við það:

Annar staflíður [9.gr.](#) laganna hljóði svo: "2. mgr fellur brott."

Lífsskoðunarfélög

Í stað þess að fá framlög frá ríkinu í formi sóknargjalda ættu trúfélög að fjármagna sig sjálf með framlögum frá félagsmönnum, til dæmis í formi félagsgjalda. En á meðan ríkið er á annað borð að styrkja trúfélög á þennan hátt ætti það ekki að mismuna sambærilegum félögum sem byggja ekki á trúarlegum grunni. Að gefnu tilefni skal tekið fram að Vantrú mun ekki sækjast eftir opinberri skráningu sem lífsskoðunarfélag, enda samræmist það ekki markmiðum félagsins.

Virðingarfyllst f.h. Vantrúar

Egill Óskarsson formaður